

## Kennararáð

### Efni fundar: Sjá dagskrá

Kópavogi, 21. nóvember 2022

22. fundur 27. október 2022

Tilvísun: M22100195

**Fundarmenn:** Birgir Urbanicic Ásgeirsson, Guðjón Hreinn Hauksson, Guðmundur Engilbertsson, Helga Kristín Kolbeins, Ingimar Ólafsson Waage, Jónína Hauksdóttir, Kristín Jónsdóttir, Mjöll Matthíasdóttir, Svandís Ingimundardóttir og Ragnar F. Ólafsson

**Fjarverandi:** Sonja Dögg Pálsdóttir

**Fundarritari:** Ingileif Ástvaldsdóttir

### Dagskrá fundar:

1. Upphaf: Fundardagskrá og fundargerð síðasta fundar
2. Kennsluráðgjöf og faglegur stuðningur – Svava Pétursdóttir frá Náttúrutorgi
3. Læsi – málþing á vordögum?
4. Stuðningur við faggreinafélög
5. Efla vitund um mikilvægi kennarastarfsins
6. Kynning laganna
7. Önnur mál

### Umræður og ákvarðanir:

1. Engar athugasemdir voru gerðar við dagskrá fundarins eða fundargerð síðasta fundar ráðsins og skoðast hún því samþykkt.
2. Á síðasta fundi ráðsins var tekin fyrir ályktun frá fagráði um náttúrufræði. Svandís greindi frá ályktuninni og gaf síðan Svövu Pétursdóttur frá Náttúrufræðitorgi orðið sem sagði frá því hvernig Náttúrufræðitorgið og Facebook-hópur náttúrufræðikennara styðja þá á vettvangi. Að hennar mati er það ekki nóg til að fjölga náttúrufræði- og öðrum raungreinakennurum og vildi heyra hvernig kennararáð og fulltrúar þeirra sem eiga sæti í ráðinu gæta lagt hönd á plóg í því verkefni. Í umræðum var rætt um GERT-skýrsluna og að mati fundarmanna hefur lítið af því sem fram kom í henni orðið að veruleika og fá svör hafa fengist við því hverra það er að koma verkefnunum sem þar eru nefnd í verk. Fundarmenn voru sammála um að faglegir leiðtogar í einstaka greinum sem staðsettir yrðu í nýrri stofnun sem sinna á skólalþjónustu og er um þessar mundir í bígerð myndu geta stutt við kennara á vettvangi. Einnig nefnt að jákvæð fjölmiðlaumfjöllun um kennslu raungreina, kynningar á raungreinakennslu meðal kennaranema ásamt umbun og hvatningu til háskólakennara um að sinna ráðgjafaverkefnum á vettvangi gætu stutt við fjölgun kennara sem

sérhæfa sig í raungreinakennslu. Niðurstaða umræðunnar var að kennararáð myndi taka virkan þátt í opna samráðinu sem fram undan er um nýja stofnun sem sinna muni hlutverki skólajónustu. Það er mat fundarmanna að þar sé svigrúm til að hafa áhrif á hvers konar þjónusta býðst bæði hvað varðar starfsþróun og þjónustu við skóla.

3. Kveikjan að því að kennararáð héldi málþing um læsi varð til meðal fundarmanna í umræðunni verið hefur undanfarnar vikur um lestrarkennslu og læsi. Rætt um hvort það sé í raun verkefni ráðsins að standa fyrir málþingum og einnig hvatt til þess að fundarmenn héldu umræðunni um málþing um straua og stefnur í rannsóknum á læsi. Fundarmenn samþykktu að fulltrúar háskólanna í ráðinu ræddu þetta málefni frekar og legðu fram tillögu á fundi kennararáðs.
4. Guðjón Hreinn fylgdi þessum lið úr hlaði með því að segja frá því m.a. að um 50 faggreinafélög kennara væru skráð innan Félags framhaldsskólakennara. Rætt um stöðu faggreinafélaganna og hvernig kennararáð getur komið að því að styðja við störf þeirra.
5. Samþykkt að bakhópur kennararáðs sem fjallar um að vekja athygli á mikilvægi kennarastarfsins skoði hugmyndirnar sem ræddar voru og leggi svo tillögur sínar fyrir ráðið á næstu fundum þess.
6. Kynningu á nýju lögunum um kennaramenntun er lokið.

**Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 15:00**

Næsti fundur:

Fimmtudaginn 24. nóvember kl. 13-15

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara:

lá